



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagata 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 9. september 2014

Efni: Umsögn SI um drög að tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína

Samtök iðnaðarins senda hér umsögn um drög að tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína, sem birt er á vefsíðu ráðuneytisins 19. ágúst sl.

Samkvæmt lögum fellur kostnaður við framkvæmdir á raforkukerfi á raforkunotendur. Ljóst er að með aukinni áherslu á lagningu jarðstrengja geta orðið hækkanir á raforkukostnaði fyrirtækja og heimila í landinu. Í þingsályktunartillögunni og greinargerð með henni er ekki umfjöllum um kostnaðinn við að ná markmiðum sem sett eru fram. Ekki er rýnt í hve mikill hann verður og hvaða áhrif hann muni hafa á landsmenn. Í göngum frá kynningarfundum Landsnets undanfarið kemur fram að gert er ráð fyrir verulegum hækkunum á gjaldskrá vegna lagningu jarðstrengja á hárrí spennu. Samtökin telja mikilvægt að þingmenn hafi greinargóðar upplýsingar um hve mikið ákvörðun þeirra mun kosta landsmenn og hvaða áhrif hún mun hafa á rekstur fyrirtækja í landinu.

Samtökin minna á hagræðingarkröfu í raforkulögum og framkvæmd hennar af hálfu Orkustofnunar sem hefur eftirlit með Landsneti og mikilvægi þess að hún sé í ávallt höfð í huga þegar kemur að uppbyggingu raforkukerfisins.

A handwritten signature in blue ink, reading 'Bryndís Skúladóttir'.

Bryndís Skúladóttir
Forstöðumaður umhverfismála